

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1874 frá 6. nóvember 2019 um hæfi lögbærra yfirvalda í Alþýðulýðveldinu Kína samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 10ff (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„10fg. **32019 D 1874**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1874 frá 6. nóvember 2019 um hæfi lögbærra yfirvalda í Alþýðulýðveldinu Kína samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjttíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 55).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1874, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 55.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING